

## Fundargerð 15. stjórnarfundar

starfstímabilið 2010-2012

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 7. apríl 2011 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 17:00.

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Sigurður Ingvarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Benóný Jónsson, Felix Sigurðsson, Forföll Hannes Strange, Birgir Guðjónsson. Einnig sátu fundinn Unnur Sigurðardóttir verkefnastjóri og Jónas Egilsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð 14. fundar lögð fram og samþykkt.
2. Tillaga laganefndar um reglugerð fyrir Víðavangshlaup Íslands. Fyrir liggur tillaga frá laganefnd um breytingar á reglugerðinni vegna nýrrar skipan aldursflokkaskipan sem tók gildi 1. janúar sl. Samþykkt.
3. Tillögur starfshóps sambandsaðila um fjármál FRÍ lagðar fram. Einnig lögð fram tillaga að endurskoðaðri áætlun um kostnað vegna mótaþátttöku 2011. Umræður. Afgreiðslu frestað, en ákveðið að efna til fundar með starfshópnum fljótlega.
4. Næsti fundur ákveðinn síðar.
5. Önnur mál. Framkvæmdastjóri gat þess að réttindanámskeið á vegum IAAF/AIMS yrði haldið fyrir mælingarmenn götuhlaupa yrði haldið í Reykjavík 13. - 15. maí nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

Jónas Egilsson.